

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

**ÞRIÐJUDAGINN 12. JAN 2016. VAR HALDINN 9. FUNDUR SKIPULAGS OG
BYGGINGARNEFNDAR SÚÐAVÍKURHREPPS KL 16.30
KJÖRTÍMABILIÐ 2014-2018**

Mættir eru Garðar Sigurgeirsson, Birgir Ragnarsson, varamaður Garðars Sigurgeirssonar og Helgi Bjarnason.

Árni Traustason, skipulagsfulltrúi og Pétur G. Markan sveitarstjóri.

Formaður athugar með fundarboð. Engin athugasemd gerð við fundarboð. Formaður býður nefndarmönnum að taka til fyrsta dagskrárliðar.

Dagskrá:

- 1) Bréf OV ohf um kröfu um viðunandi varnir fyrir varaafstöðina á Sauraholti.
- 2) Minnispunktar um endurskoðun aðalskipulags.
- 3) Verkefnishandbók Skipulags- og byggingarfulltrúa, kynning. Mannvirkjastofnun boða úttekt á gæðakerfi byggingarfulltrúa.
- 4) Framkvæmdaleyfi vegna vatnslagnar í Reykjarfirði. Umsagnarfrestur er liðinn.
- 5) Afgreiðsla á umsókn um lóð undir skreiðarhjalla á Langeyri, kynning á stöðu.
- 6) Önnur mál.

-
1. Sveitarstjóra falið að leita lögfræðilegrar ráðgjafar varðandi erindi OV áður en nefndin tekur afstöðu til bréfsins.

Samþykkt samhljóða.

2. Nefndin beinir því til sveitarstjórnar að skipa í samráðshóp vegna heildarendurskoðunar aðalskipulags sveitarfélagsins.

Minnisblað skipulagsfulltrúa um heildarendurskoðun aðalskipulags lagt fram til umræðu.

3. Verkefnishandbók skipulags og byggingarfulltrúa lögð fram til samþykktar. Handbókin samþykkt samhljóða.
4. Engar athugasemdir bárust.

Framkvæmdaleyfi veitt vegna vatnslagnar í Reykjarfirði.

Skipulagsfulltrúa falið að reikna framkvæmdaleyfisgjald og einnig falið tilkynna niðurstöðuna til umsóknaraðila.

5. Málið kynnt nefndinni.
6. Engin önnur mál.

Ekkert fleira gert. Fundi slitið 18:20

Sign

Birgir Ragnarsson

Helgi Bjarnason
Formaður

Garðar Ragnarsson

Pétur G. Markan
Sveitarstjóri

Árni Traustason
Skipulagsfulltrúi

